



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvholsgötu 4 · 150 Reykjavík

sími: 545 9500 · bréfsími: 562 3068

postur@mnr.is · menntamálaráðuneyti.is

Reykjavík 5. október 2015

Tilv.: MMR15011958/13.3

Frá árinu 1992 hefur mennta- og menningarmálaráðuneyti stuðlað að því að gerðar hafa verið faglegar og samanburðarhæfar rannsóknir á högum, líðan og aðstæðum barna og ungmenna hér á landi. Niðurstöður þeirra hafa verið kynntar árlega undir heitinu *Ungt fólk*.

Æskulýðsrannsóknirnar *Ungt fólk* eru mikilvægt tæki til að fylgjast með ýmsum þáttum í lífi ungs fólks s.s. menntun, menningu, tómstundum, íþróttaiðkun, heilsuhegðun og heilsuvísum, líðan og framtíðarsýn svo nokkuð sé nefnt. Æskulýðsrannsóknirnar *Ungt fólk* hafa því reynst afar mikilvægar bæði fyrir stjórnvöld og þá aðila er vinna með börnum og ungmennum, svo sem sveitarfélög, skóla, æskulýðssamtök, íþróttasamtök, stofnanir, fagaðila og fjölmarga aðra. Rannsóknirnar *Ungt fólk* hafa m.a. komið sveitarfélögum að góðum notum við stefnumótun í málaflokkum sem snerta börn og ungmanni.

Meðfylgjandi sendast yður niðurstöður úr æskulýðsrannsókninni *Ungt fólk 2015.5.- 7. bekk grunnskóla*, menntun, menning, félags-, íþrótt- og tómstundir, íþróttaiðkun, heilsuhegðun, heilsuvísar, líðan og framtíðarsýn ungmenna í 5. - 7. bekk á Íslandi. Rannsóknin var lögð fyrir nemendur í öllum grunnskólum landsins í febrúar 2015 af Rannsóknum og greiningu við Háskólan í Reykjavík.

Niðurstöður rannsóknarinnar má jafnframt finna á vef ráðuneytisins www.menntamalaraduneyti.is og hjá Rannsóknum og greiningu www.rannsoknir.is.

Upplýsingar um frekari úrvinnslu úr rannsókninni veitir starfsfólk Rannsókna og greiningar, Menntavegi 1, 101 Reykjavík, sími: 599 6431, netfang: rannsoknir@rannsoknir.is

Fyrir hönd ráðherra


Karitas H. Gunnarsdóttir


Óskar Þór Ármannsson